

321. fundur Skólanefndar FS

15. maí 2013



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Fanney D. Halldórsdóttir, Sara Dögg Gylfadóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Ösp Birgisdóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fundur í ráðuneyti.
2. Útskrift.
3. Önnur mál.

1. Fundur í ráðuneyti.

Skólameistari sagði frá árlegum vorfundi stjórnenda skólans með starfsmönnum Mennta- og menningarmálaráðuneytis. Þar var farið yfir stöðu skólans, nemendafjölda, skólasamning, ársskýrslu o.fl. Reiknað er með að nemendur verði um 1060 á haustönn, þar af verði 220 nýnemar. Á fundinum var einnig rætt um nýtt námsframboð, einkum stuttar starfsnámsbrautir og grunnám í verklegum greinum. Rekstur skólans er í járnum en þar má lítið út af bregða. Í ráðuneytinu er enn verið að skoða beiðni skólans um hækkun á verðmæti hvers nemendaígildis í samræmi við það sem aðrir framhaldsskólar hafa fengið. Einnig var rætt um málefni Fisktækniskólans en til greina kemur að hann verði í tengslum við skólann að einhverju leyti.

2. Útskrift.

Útskrift verður á sal skólans laugardaginn 25. maí kl. 14:00. Alls stefna 96 að útskrift í vor. Skólameistari bauð skólanefndarmönnum að vera við útskrift.

3. Önnur mál.


a) Lagt til að Kristbjörn Albertsson og Ingimundur Þ. Guðnason fái gullmerki skólans á útskrift í vor. Þeir gengu úr skólanefnd í vetur eftir að hafa setið þar um árabíl. Samþykkt samhljóða að Kristbjörn og Ingimundur fái gullmerki FS fyrir störf þeirra í þágu skólans.

b) Böðvar Jónsson ræddi um námskynningar og hvort ekki þyrfti að kynna háskólanám og annað nám betur fyrir nemendum skólans en hingað til hafa námskynningar einkum verið fyrir útskriftarnemendur. Þetta verður skoðað.

c) Búið er að auglýsa nokkrar kennarastöður fyrir næsta vetur.


- d) Samkvæmt könnun sem Rannsóknir & greining gerði í öllum framhaldsskólum landsins í vetur kom í ljós að vímuefnaneysla nemenda hér er að flestu leyti undir landsmeðaltali.
- e) Rætt um stoðtíma, tímasetningu þeirra, matartíma o.fl.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

Böðvar Jónsson



Sára Dögg Gylfadóttir



Kristján Ásmundsson

Fanney D. Halldórsdóttir



Gunnar Valdimarsson

Ösp Birgisdóttir



Guðmann Kristþórsson, fundarritari

DROG